

10. fundur í Fötlunarráði

Miðvikudagur 7. október 2020, klukkan 14:00 – 16:00 í fjarfundi á Teams.



Efni fundarins:

1. Sýnileiki ráðs og hvatning til að senda til okkar pósta.

Athuga möguleika á að hafa opin Zoom fund, setja aftur inn grein inná heimasíðu Norðurljósa og senda til Egil Páls til birtinga í Vikudegi.

2. Þverfagleg þjónustuáætlun – vegvísir að heildrænni þjónustu – yfirferð á formum fyrir einstaklingsáætlun.

Sigga kynnti fyrir okkur þverfaglega þjónustuáætlun sem áætlað er að verði notuð í framtíðinni.

3. Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk – Gæða- og eftirlitsstofnun

Sigga fór yfir Gæðaviðmið fyrir félagslega þjónustu við fatlað fólk og kynnti.

4. Aðgengismál – eftirfylgd við bréf sem var sent frá ráði

Aðgengismál þarf að skoða og verður tekið fyrir á næsta fundi og í framhaldinu verður sent bréf á þá aðila sem ekki hafa brugðist við bréfi sem sent var á síðasta ári.

5. Möguleiki á námskeiði fyrir persónulega talsmenn og fjárhaldsmenn á Húsavík

Send verður inn ábending til Gæða- og eftirlitsstofnunnar vegna þess að ekki er boðið uppá námskeiðin í fjarnámi.

6. Önnur mál.

Kynnt Drög um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu.

Var Covid-19 nógu vel undirbúið fyrir þjónustuþega? Nei í mörgum tilfellum ekki. Ef smit koma aftur upp er undirbúningur nægur?

Kennsla á tæknina fyrir fatlaða til að hafa samband við aðra, Zoom, Houseparty, Teams o.fl. hægt að hafa kennslu í t.d. Miðjunni fyrir notendur.